

Stjórnarfundur í Geðhjálp 04.01.18

Mættir: Hrannar, Sveinn Rúnar, Halldóra, Sylviane, Garðar, Kári, Bergþór og Anna Gunnhildur.

1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (KAS).

Fundargerðin var samþykkt með einni breytingu/útstrikun frá HP.

2. Kynning á studningsnet.is, Stefanía Kristinsdóttir og Helga Kolbeinsdóttir (HJ).

Stjórnin var jákvæð gagnvart verkefninu og lýsti yfir áhuga á að senda fulltrúa á næsta námskeið fyrir stuðningsfulltrúa. HJ lýsti yfir áhuga á þátttöku í námskeiðinu.

3. Málþing Geðhjálpar um nýja strauma í geðheilbrigðisþjónustu þann 1. febrúar.

Þátttakendur: Dainius Puras, Fiona Morrissey og Peter Kinderman o.fl. (HJ, AGÓ).

HJ ætlar að kanna hvort sálfræðingafélagið vill standa að málþinginu með Geðhjálp með því að taka þátt í kostnaði við þátttöku Peter Kindermans, varaformanns breska sálfræðingafélagsins, í málþinginu. Fulltrúar á fundinum lögðu blessun sína yfir dagskrá málþingsins.

4. Pólskur sjálfshjálparhópur vegna þunglyndis (HJ, AGÓ).

AGÓ sagði að verið væri að undirbúa umsókn um fjárstuðning úr þróunarsjóði innflytjenda til að styðja hópinn fyrstu skrefin. Samþykkt var að Geðhjálp myndi greiða fyrir stuðning pólskumælandi sálfræðings þar til styrkurinn bærir í vor.

5. Beiðni frá SÍBS og Félagi Sykursjúkra um 500.000 kr. viðbótarframlag til að hægt væri að gera viðbótarþátt (tvo í stað eins) um forvarnir (HJ, AGÓ).

Stjórnin hafnaði beiðninni með vísan til þess að upphaflega hefði verið gert ráð fyrir að hámarkskostnaður yrði 1,5 milljón króna enda yrði leitað eftir styrkjum upp í kostnað hjá fleiri félögum og sjóðum. Viðbótarstyrkir hefðu ekki gengið eftir með þeim afleiðingum að útlit væri fyrir að Geðhjálp þyrfti að greiða alla upphæðina. Bent var á að hægt væri að leita í sjóði ÖBÍ og fleiri aðila eftir viðbótarframlagi.

6. Fundur með fulltrúum stýrihóps um geðheilsuteymi í framhaldi af erindi Geðhjálpar (HJ).

HJ sagði að vel hefði verið tekið í erindi Geðhjálpar um að ráða notendur í geðheilsuteymin á fundinum. Ákveðið var að fela framkvæmdastjóra að senda bréf til að þakka fyrir fundinn og óska eftir upplýsingum um hvernig staðið verði að ráðningu notenda í teymin.

7. Aðalfundur Geðhjálpar, dagsetning og fulltrúar(HJ).

Samþykkt var að halda aðalfund Geðhjálpar þann 17. mars næstkomandi.

8. Önnur mál, t.a.m. erindi frá velferðarráðuneytinu vegna tveggja hópa innan geðheilbrigðisstefnu og framkvæmdaáætlunar:

HJ sagði frá því að óskað hefði verið eftir liðsinni Geðhjálpar um formennsku í tveimur hópum út frá geðheilbrigðisstefnunni. Beðið er eftir svári frá ráðuneytinu við viðbrögðum Geðhjálpar.

Samþykkt var að Geðhjálpar myndi tilnefna Ólöfu Birnu Björnsdóttur, ráðgjafa Geðhjálpar, í málefnaþóp um málefni barna innan ÖBÍ.

Fundinum lauk um kl. 19:03